

Húsavík
26. júlí 2018

Náttúruverndarnefndar Þingeyinga 2018-2022 Fundargerð NVP_3-2018

Mættir: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Arna Hjörleifsdóttir, Daníel Hansen.

Héraðsnefnd Þingeyinga hefur ekki enn kjörið formann í nefndina en Þorkell Lindberg hefur verið beðinn um að taka það hlutverk að sér þar til formleg útnefning hefur farið fram. Arna ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. **Erindsbréf**

Farið yfir hlutverk nefndarinnar og erindisbréf nefndarinnar kynnt nefndarmönnum.

2. **Hólsvirkjun, tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.**

Nefndin hefur fengið til umsagnar tillögu að deiliskipulagi og samsvarandi breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar, 5,5 MW vatnsaflsvirkjunar í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs í Fnjóskadal. Nefndin fór yfir gögn málsins og leggur fram eftirfarandi umsögn:

Af fyrirliggjandi gögnum að dæma um áhrif breytingarinnar á náttúruferum mun framkvæmdin helst hafa áhrif á gróðurfar, vatnafar (foss, vatnsflæði í mýrum og skert rennsli í árfarvegum), vatnalíf og fugla. Mest verður raskið í votlendi, bæði á gróður vegna beins rasks en einnig vegna mögulegra breytinga á vatnsflæði. Búsvæði straumanda og gulandar mun skerðast við framkvæmdina en báðar tegundirnar hafa hátt verndargildi. Ásýndarlega verður mikil breyting á svæðinu skv. fyrirhuguðum tillögum.

Af framansögðu má ljóst vera að um mikið inngríp í náttúruna er að ræða. Vega þarf þau neikvæðu áhrif sem af því hlýst á móti samfélagslegum ávinningi, líkt og Náttúruverndarnefndin hefur áður bent á í umsögnum sínum í tengslum við þessa fyrirhuguðu framkvæmd. Sé tekið tillit til þeirra skilmála sem settir eru fram í deiliskipulagstillögunni má almennt segja að að tillögurnar tefli ekki í hættu svæðum sem talist geta mjög mikilvæg í náttúrufarslegu tilliti og séu því ekki verulega neikvæðar. Náttúruverndarnefndin tekur því almennt undir það mat sem lagt hefur verið á umhverfisleg áhrif tillaga að breyttu aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi.

Hvað jákvæð samfélagsleg áhrif varðar þykir Náttúruverndarnefndinni of mikið gert úr þeim í tillögunum. Vissulega mun Hólsvirkjun skapa tekjur í sveitarfélaginu vegna t.d. fasteignagjalda og vatnsréttinda og er engin ástæða til að gera lítið úr því. Hitt er annað að einkahlutafélagið sem á og rekur virkjunina er ekki af svæðinu og mun hagnaður af rekstrinum enda annars staðar en í Þingeyjarsveit. Í sambengi við umfang framkvæmdarinnar er atvinnusköpun til framtíðar lítið lítil, einungis eitt starf á ársgrundvelli. Síðast en ekki síst er ætlunin að selja raforkuna inn á dreifikerfi landsins og því ekki hægt að sjá að sú raforka sem framleidd verður í Hólsvirkjun muni frekar skapa möguleika til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar í

sveitarfélaginu en annar staðar á Íslandi.

Þó jákvæð samfélagsleg áhrif tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi vegi of þungt að mati Náttúruverndarnefndarinnar breytir það ekki heildarniðurstöðu hennar um að ekki halli um of á náttúrfarsleg verðmæti á vogarskál áhrifa og samfélagslegs ávinnings. Nefndin gerir því ekki aðrar athugasemdir við framkomnar tillögur en þær almennu ábendingar sem hér á eftir koma:

- Þingeyjarsveit þyrfti að marka sér ákveðnari stefnu í orkuvinnslu innan sveitarfélagsins. Nú eru á teikniborðinu þrjár stórar vatnsaflsvirkjanir; Svartárvirkjun, Hólsvirkjun og Einbúavirkjun. Tvær fyrrnefndu hafa nú komið til umsagnar hjá Náttúruverndarnefndinni. Fyrirhugaðar virkjanir munu samtals framleiða langt umfram þá rafmagnspörf sem fyrirsjáanleg er í Þingeyjarsveit og næsta nágrenni, sé tekið tillit til Þeistareykjavirkjunar og þeirra virkjana sem fyrir eru eða eru í næsta nágrenni við sveitarfélagið. Því er um að ræða framkvæmdir sem hafa það markmið að framleiða rafmagn á almenna drefikerfið og fjarlægir einkafjárfestar eru þeir sem mestan ágóða hafa af slíku. Raskið og neikvæðu áhrifin verða hins vegar eftir á svæðinu. Stefnan ætti að mati Náttúruverndarnefndarinnar að hafa það að leiðarljósi að ekki séu virkjuð svæði sem teljast geta haft hátt verndargildi hvað náttúrufar varðar. Þá þyrfti stefnan einnig að tryggja að samfélagslegur ávinningur sé raunverulegur og mikill innan sveitarfélagsins og í næsta nágrenni þess. Ef slík stefna yrði innleidd í aðalskipulag sveitarfélagsins ætti að vera auðveldara að hafna á grunnstigum hugmyndum um virkjanir á svæðum líkt og til dæmis í Svartá.
- Í nútímasamfélagi er útivist og almenn hreyfing fólks í stórsókn og verðmæti skemmtilegra göngu-, hlaupa- og hjólaleiða um lítt eða ósnortin svæði fer því vaxandi. Að mati Náttúruverndarnefndarinnar er allt of lítið gert úr verðmæti þjóðleiðarinnar yfir Gönguskarð til framtíðar lítið, þó hún sé lítið nýtt í dag. Úr því sveitarfélagið leggur út í þá vinnu að breyta aðalskipulagi fyrir Hólsvirkjun hefði mátt gera meira úr því að tengja fyrirhugað framkvæmdasvæði við hina gömlu þjóðleið um gönguskarð, mögulega í samstarfi við framkvæmdaraðila. Hólsvirkjun mun bæði hafa jákvæð og neikvæð áhrif hvað varðar þjóðleiðina yfir Gönguskarð. Neikvæðu áhrifin eru mikil gagnvart því að þjóðleiðin sé um lítt snortið land. Til að draga úr neikvæðu áhrifunum skiptir máli að nýta sem mest það sem jákvætt er en það er líklega aðgengið sem mun stórbatna að svæðinu. Í skipulagstillögunum væri því eftirsóknarvert að sjá stefnu um hvernig hægt væri að efla útivist á svæðinu samhliða framkvæmdum, t.d. með því að merkja, laga og vekja meiri athygli á þjóðleiðinni yfir Gönguskarð.

3. Jarðböðin í Mývatnssveit – tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.

Nefndinni barst erindi frá Skútustaðahreppi varðandi endurskoðaða deiliskipulagstillögu Jarðbaðanna og samhliða breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Nefndin kynnti sér gögn málsins og bókaði eftirfarandi:

Nefndin telur breytingarnar sem gerðar voru á tillögunni almennt jákvæðar. Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi er ekki ljóst hvað verður um grávatn sem dælt er niður í núverandi borholu. ÍSOR tók að sér að framkvæma ferilpróf til að kanna afdrif affallsvatnsins sem fer niður í niðurrenslisholuna. Í greinagerð deiliskipulagsins kemur fram að ekkert hafi sést til ferilefnis á sýnatökustöðum og engin merki um að affallsvatnið komi fram í lindum eða laugum á svæðinu. Í minnisblaði frá ÍSOR dagsettu 29.05.2018 kemur fram að ferilefnið hafi greinst á þremur sýnatökustöðum og styrkur þess aukist milli mælinga. Það þarf því að skýra orðlag greinagerðarinnar svo þetta komi skýrt fram þar. Óásættanlegt er ef efnaríkt grávatn frá Jarðböðunum rennur út í grunnvatn sem skilar sér í lindum við austanvert Mývatn. Nefndin telur ekki hægt að afgreiða deiliskipulagstillöguna fyrr en niðurstöður ferilprófana á affallsvatni Jarðbanna liggja fyrir.

4. Eyjardalsvirkjun. Breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags. Skipulags- og matslýsing.

Nefndinni barst erindi frá Þingeyjarsveit vegna skipulags- og matslýsingu á fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna Eyjardalsvirkjunar í Bárðardal. Nefndin fór yfir gögn máls og bókaði eftirfarandi:

Nefndin gerir ekki athugasemd við matslýsinguna á þessu stigi málsins. Nefndinni finnst þó tenging framkvæmdarinnar við aðalskipulag sveitarfélagsins Óljós. Nefndin ítrekar auk þess ábendingu sína til Þingeyjarsveitar um að sveitarfélagið marki sér skýra stefnu í orkumálum. Á fundi nefndarinnar þann 26. júlí 2018 voru tekin fyrir tvö erindi frá Þingeyjarsveit um breytingu á aðalskipulagi vegna virkjanaframkvæmda í sveitarfélaginu sem sýnir greinilega fram á þörfina á skýrri stefnu.

5. Skógar í Fnjóskadal, breyting á aðalskipulagi.

Nefndinni barst erindi frá Þingeyjarsveit vegna breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skóga í Fnjóskadal.

Náttúruverndarnefnd gerir ekki athugasemdir við framkomna tillögu.